



Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra
ofanflóðavarna á Norðfirði í Fjarðabyggð
Frummatsskýrsla



Bjarni F. Einarsson
2015

Forsíðumyndin sýnir eystri hluta Norðfjarðar og hluta af áhrifasvæði hinna fyrirhugðu ofanflóðavarna (Horft mót NA. Ljósm. BFE).

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Eflu hf
Október 2015

Inngangur

Að beiðni verkfræðistofunnar Eflu, kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar og hús á fyrirhuguðu framkvæmda- og áhrifasvæði ofanflóðavarnagarða ofan við byggðina á Norðfirði. Er framkvæmdasvæðið sýnt á loftmynd 1.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem einstaka fornleifaskrár, örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar, Sýslulýsingar, Manntal frá 1703 og Fasteignaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 12.-13. ágúst síðastliðinn. Veður var afar gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var fremur stórt svæði utan um framkvæmdasvæðið, eða allt að 100 m út fyrir það þó víðast hvar aðeins minna.

Áður hafa verið gerðar fornleifaskráningar í Norðfirði, annarsvegar vegna aðalskipulags (Mjöll Snæsdóttir o.fl [1996] og hins vegar vegna fyrri snjóflóðavarnagarða á svæðinu (Guðný Zoëga 2003). Einnig var tekin saman greinargerð um aldur húsa á Norðfirði (Neskaupstað) árið 1998 (Harpa Grímsdóttir 1998).

Í annarri húsakönnun í Fjarðabyggð kom í ljós að í Fasteignamati ríkisins var aldur húsa stundum rangt skráður og ætíð yngri en hann var í rauninni. Ekki er hægt að útiloka að sama sé upp á teningnum á Norðfirði. Ein ástæða þessa gæti verið sú að miðað sé við yngri breytingar á eldri húsum, en ekki upprunalegan aldur þeirra og það gæti verið vegna þess að þá fyrst komust þau í opinber skjöl.

Í ofangreindri fornleifaskrá frá [1996] vegna aðalskipulags voru fimm meintar fornleifar skráðar á eða nálægt áhrifasvæðinu. Þær voru; eyðibýlið Þiljuvellir (sjá nr. 62 á mynd 1), brú yfir Kvíabólslæk, ungur grjótgarður sem ekki telst til fornleifa og er því úr sögunni, Mangatættur (sjá X á mynd 1) og gömul sundlaug (sjá nr. 60 á mynd 1).

Nú voru því aðeins þrjár fornleifar eða meintar fornleifar skráðar, því brúin og Möngutættur voru ekki skráðar í fyrsta lagi vegna þess að þeirra varð ekki vart á framkvæmdasvæðinu og í öðru lagi komu í ljós upplýsingar á seinni stigum um að þær væru utan við svæðið. Staðsetning Möngutóttta er þó sýnd á mynd 1. Á milli þeirra og Þiljuvalla hefur brúin verið.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar. Niðurstaða húsakönnunarinnar sést einnig á loftmynd 1 og meðfylgjandi húsaskrá. Allar upplýsingar um staðsetningar fornleifa og húsa voru að lokum færðar inn á Kortavefsjá Minjastofnunar Íslands þar sem það hefur fengið verkefnanúmerið 1744.

Húsaskráin er sjálfstæð skrá, enda ekki um eiginlega skráningu að ræða, heldur könnun á húsum og hús eru ekki fornleifar.

Byrjað var á næsta lausa númeri í báðum skráum í sveitarfélaginu (Fjarðabyggð), þ.e. 60-62 fyrir fornleifar og 62-66 fyrir hús.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá Guðmundi Sveinssyni, forstöðumanni ljósmyndasafns Fjarðarbyggðar. Eru honum þakkað fyrir upplýsingarnar.

Fulltrúi verkkaupa var dr. Sigrún María Kristinsdóttir hjá Eflu hf.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni könnunarsvæðisins.

Nr	Teg	Fj	Hættunot	Hættu	Ástand	Aldur	Mirjagildi	Vardagildi	Friðlýsa?	Mónaðgerð
60:1	Sundlaug	1	Annað	Mikil	Sæm.	1920	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
61:1	Rúst	1	Annað	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
62:1	Bæjarstæði	1	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Lagfæring

3 minjar/fornleifar

Tafla yfir skráðar fornleifar á Norðfirði. Um staðsetningu fornleifa nr. 60 ríkir óvissa.

Samtals voru þrjár minjar/fornleifar undir þrem númerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina. Aðeins gamla sundlaugin (nr. 60) er innan framkvæmdasvæðisins, en tvær rétt utan þess. Ekki eru til hnit á sundlauginni, en með hjálp heimildarmanna var staðsetning hennar fundin.

Um brúnna segir svo í fornleifaskrá frá: „Rétt utan við [ath. innan við?] tótt *Piljuvalla*, við *Kviabólslæk*. Undirstöður undir brú á *eystri bakka lækjarins*, vel hlaðinn kantur úr grjóti og torfi, mannhæðarhár. Á *vestri bakka lækjarins* er stór steinn og þar liggja timburleifar úr brúnni. Brúna gerði *Sigfús Sveinsson líklega 1915-1920*.“ (Ibid). Af

Þessu má ráða að brúin telst ekki til fornleifa enn.

Um Mangatættur segir svo í sömu skrá: „„Mangatættur“-fjárhústótt. Ofan við bæinn, vestan við steiptan vatnstank við gil nokkurt. Við hlið jarðfasts steins. Ferköntuð hústótt, 4 x 5 m. að innanmáli. Snýr n-s. Inngangur sést ekki.“ (Ibid). Í fornleifaskránni frá [1996] kemur fram að tættur hafa verið rétt neðan við framkvæmdasvæðið.

Fornleifar nr. 61 eru að mati undirritaðs býsna áhugaverðar, en þær hafa ekki verið skráðar áður. Gætu þær vel verið all fornar eða eldri en 1500 og eru það hreinar getgátur byggðar á reynslu. Sé þetta rétt færist gildi þeirra upp í hátt minja- og varðveislugildi.

Rústir Þiljuvalla (nr. 62) eru ekki greinanlegar með góðu og erfitt að átta sig á umfangi þeirra vegna seinni tíma jarðraskis á staðnum. Það þýðir þó ekki að undir sverðinum leynist miklar leifar um býlið þó efstu og yngstu lögin kunni að vera löskuð. Bæjar eða hjáleigu með þessu nafni er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1703 (Manntal á Íslandi 1924-47). Sama er upp á teningnum í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 (J. Johnsen).

Mynd 1. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa og húsa sem þurfti að ská innan hins kannaða svæðis á Norðfirði. Rauð brotalína sýnir framkvæmdasvæðið. Rauðir hringir sýna fornleifar, en gulir sýna hús. (Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE).



Samkvæmt sömu lögum og áður greinir um menningarminjar eru öll hús sem eldri eru en 100 ára friðuð og óheimilt er að raska þeim, spilla, breyta, rífa eða flytja þau úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (29. gr.).

Í 30. gr. laganna segir að: „*Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðarmönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.*“

Eins og varðandi fornleifar þá eru sum hús friðlýst (31. gr.) og því fylgja strangari kvaðir varðandi allar breytingar og nærumhverfi húsanna.

Húsaskráin nær því yfir þrjá flokka húsa, friðlýst hús, friðuð hús og umsagnarskyld hús. Samtals voru það fimm hús sem féllu í einhvern þessara flokka. Á Norðfirði er eitt hús friðlýst, en það er kirkjan sem er ekki inn á áhrifasvæðinu og var því ekki skráð. Eitt húsanna, Strandarhús við Strandgötu 40 er friðað. Er það vestasta húsið sem skráð var. Önnur hús eru umsagnarskyld (sjá meðfylgjandi húsaskrá).

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Tvær þeirra fornleifa sem hér hafa verið skráðar eru utan við framkvæmdasvæði og líklega auðvelt að tryggja öryggi þeirra. Það á hins vegar ekki við um gömlu sundlaugina, hana gæti þurft að rannsaka með einhverjum hætti, en minnt skal á að hún er byggð árið 1920 og telst því ekki til fornleifa. En upphafið má þó rekja til ársins 1912 þegar fyrst var byrjað á sundlaug á staðnum.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- né varðveisluflokki, nema að rústir nr. 61 séu eins gamlar og undirritaður telur líklegt, og tvær þeirra teljast ekki vera í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Sundlaugin (60) er í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.

Guðný Zoëga. *Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupsstað.* Byggðasafn Skagfirðinga 2003.

Harpa Grímsdóttir. *Bygginarár húsa í Neskaupstað.* Greinargerð VÍ-G98011-ÚR09. Veðurstofa Íslands. Reykjavík 1998.

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.

Mjöll Snæs dóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Guðný Zoëga. *Fornleifaskráning í Neskaupstað.* 1994 [1996].

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1874. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag - Örnefnastofnun. Reykjavík 2000.

Sýslulýsingar 1744-1749. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.

Örnefnaskrá. Neskaupstaður. Guðmundur Magnússon skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Norðfjörður 1. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. Norðfjörður 2. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

Munnleg heimild: Guðmundur Sveinsson, forstöðumaður ljósmyndasafns Fjarðarbyggðar.

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Fjarðabyggð Nr. 60-62.

Húsaskrá: Fjarðabyggð Nr. 62-66.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

60

Undirnr.

1

Sýsla

S-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fjarðabyggð

Tákntala

Hverfi

Landareign

Nes

MÍ:Nr

1744

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.08.2015

GPS Staðsetning

E 749568 N 527855

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

5

Tegund minja

Laug

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Nor 15

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Byggingar

Mikil

Sæmilegt

1900-

Snjóflóðavarnir

Mikil

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

4

Lítið

4

Nei

Nei

Legg og staðhættir

Ofarlega í hliðunum norðan við Norðfjörð. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Frumathugun. Ofanflóðavarnir Neskaupstað. Urðarbotnar og Sniðgil. Nesgil og Bakkagil. Tillaga að skipulagi og mótvægisáðgerðum. Landmótun. Apríl 2015.

Mjöll Snæsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Guðný Zoëga. Fornleifaskráning í Neskaupstað. 1994 [1996].

Guðmundur Sveinsson, munnleg heimild.

Lýsing

Laug.

Fyrst mun hafa verið byrjað á sundlauginni 1912, en líklega aldrei fullklárað. Árið 1920 var svo aftur byrjað á lauginni og hún kláruð.

Um sundlaugina segir svo í fyrri fornleifaskráningu:

„Fyrir ofan bæinn nálægt Hjallaskógi. Í lækjarfarvegi. Bakkar lækjarins mynda hliðarveggi, en hlaðið er fyrir farveginn að ofan og neðanverðu. Innanmál ca. 16.5 x 13.2 m. Snýr upp og niður eins og farvegurinn. Um 20 m ofar er hlaðið fyrir lækjardragið, lágur veggur, nú ca. 0,4 m hár, 8 m langur út og fram og 6 m langur upp og niður.“

(Mjöll Snæsdóttir o.fl. [1996:4].)

Minjarnar eru vel grónar grasi, lyngi og víði.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Guðmundur Sveinsson

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Líklega er ekki mikið eftir af ummerkjum um fyrstu framkvæmdirnar á staðnum. Ef raska þarf minjunum verður að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Hverfi	Aðalnr.
S-Múlasýsla	Fjarðabyggð			61
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Nes	1744			1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.08.2015	E 740321 N 527464	Isn 93		4

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Beitarhús	Nor 15	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Annað	Lítill	Ágætt	1550-1900		Snjóflóðavarnir	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Í aflíðandi grasi grónni aflíðandi brekki í Neðri Hálssum, um 20 m A af Stóralæk.


Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4 x 7 m (NV - SA). Veggir úr torfi, 1 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Dyr eru mót SA. Rústin er vel gróin og þýfð. Hún er býsna ógreinileg.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðaln. **62**

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Hverfi	
S-Múlasýsla	Fjarðabyggð			
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Nes	1744	Þiljuvellir		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	12.08.2015	-	-	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Bæjarstæði		Nor 15	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900
Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
	Snjóflóðavarnir	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert	6	Talsvert	6
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Bæjarstæðið hefur verið um 20-30 m upp af Blómsturvöllum 43, rétt austan við Kvíabólslæk í aflíðandi gróinni brekku. Á grasbala og í skógrækt.

Heimildir og munnmæli

Harpa Grímsdóttir. *Bygginarár húsa í Neskaupstað*. Greinargerð VÍ-G98011-ÚR09. Veðurstofa Íslands. Reykjavík 1998.
Mjöll Snæsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Guðný Zoëga. *Fornleifaskráning í Neskaupstað*. 1994 [1996].
Guðmundur Sveinsson, munnleg heimild.

Lýsing

Bæjarstæði.

Í fornleifaskrá frá [1996] segir svo um staðinn: „Mjög ógreinileg þúst í kafgresi og hvönn, lengd 7-8 m. breidd 4 m. snýr a-v. Hefur e.t.v. verið matjurtagarður síðar. Til þess benda sviðnir girðingastaurar. Úr örnefnaskrá: „Fyrir innan og ofan Kvíaból upp í brekkunum eða þar sem nú er hlaða Jóns Sigfússonar, heita Þiljuvellir. Þar stóð einhver fyrsti bærinn hér fyrir utan Bakka, Nes (útbær og frambær), og Ekru (Út-Ekru og Fram-Ekru)“ (Mjöll Snæsdóttir o.fl. [1996]:1).

Staðurinn var ekki GPS mældur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Guðmundur Sveinsson

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Vegna óvissunnar um hvar nákvæmlega bæjarstæðið er þarf að sýna aðgát við allar framkvæmdir á staðnum. Athugandi væri að leyfa ekki garðyrkju á staðnum.

Húsaskrá

Nr.

62

Sýsla

S-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fjarðabyggð

Þéttbýli

Norðfjörður

MÍ:Nr

1744

Heimilisfang

Blómsturvellir 8

Hverfi

Heiti

Blómsturvellir

Verk

Nor 15

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.08.15

GPS Staðsetning

E 748528 N 527098

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekka

6

Ætlað byggingarár

1918

Staða mannvirkis

Umsagnarskylt

Dags friðl.

Fastanúmer

216-8954

Heimild byggingarárs

Fasteignaskrá

Umtak friðunar

Byggingarefni

Tímberhús

Höfundur - hönnuður

-

Stutt saga húss

Aðrar upplýsingar

Húsið er klætt álplötum.

Vefslóð

Ljósmynd



Teikning/gömul ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Húsaskrá

Nr.

63

Sýsla

S-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fjarðabyggð

Þéttbýli

Norðfjörður

MÍ:Nr

1744

Heimilisfang

Hlíðargata 2

Hverfi

Heiti

Melstaður

Verk

Nor 15

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.08.15

GPS Staðsetning

E 748535 N 527075

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekka

8

Ætlað byggingarár

1918

Staða mannvirkis

Umsagnarskylt

Dags friðl.

Fastanúmer

216-9160

Heimild byggingarárs

Fasteignaskrá

Umtak friðunar

Byggingarefni

Tímberhús

Höfundur - hönnuður

Stutt saga húss

Aðrar upplýsingar

Líklega steinhlaðinn kjallari. Bárujárnsklætt.

Vefslóð

Ljósmynd

Teikning/gömul ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Húsaskrá

Nr.

64

Sýsla

S-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fjarðabyggð

Þéttbýli

Norðfjörður

MÍ:Nr

1744

Heimilisfang

Hlíðargata 4

Hverfi

Heiti

Tunga

Verk

Nor 15

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.08.15

GPS Staðsetning

E 748497 N 527088

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekka

7

Ætlað byggingarár

1921

Staða mannvirkis

Umsagnarskylt

Dags friðl.

Fastanúmer

216-9162

Heimild byggingarárs

Fasteignaskrá.

Húsráðendur.

Umtak friðunar

Byggingarefni

Timburhús

Höfundur - hönnuður

Stutt saga húss

Húsið mun fyrst hafa verið byggt í Viðfirði 1916 af Bjarna Sveinssyni bónda og húsasmíðameistara. Hann flutti svo húsið á núverandi stað árið 1921.

Í Fasteignaskrá segir að húsið sé byggt 1920.

Aðrar upplýsingar

Húsið er klætt bárujúarni og álplötum.

Vefslóð

Ljósmynd



Teikning/gömul ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Húsaskrá

Nr.

65

Sýsla

S-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fjarðabyggð

Þéttbýli

Norðfjörður

MÍ:Nr

1744

Heimilisfang

Þiljuvellir 38

Hverfi

Heiti

Heiðarbýli

Verk

Nor 15

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

11.08.15

GPS Staðsetning

E 748545 N 527068

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekka

14

Ætlað byggingarár

1925

Staða mannvirkis

Umsagnarskilt

Dags friðl.

Fastanúmer

216-9875

Heimild byggingarárs

Fasteignaskrá.

Umtak friðunar

Byggingarefni

Timburhús

Höfundur - hönnuður

Stutt saga húss

Aðrar upplýsingar

Húsið er klætt liggjandi bárujárn. Kjallari er trúlega úr steini og steniklæddur. Samkvæmt húsráðanda hefur oftsinnis verið byggt við húsið.

Vefslóð

Ljósmynd



Teikning/gömul ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Húsaskrá

Nr.

66

Sýsla

S-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fjarðabyggð

Þéttbýli

Norðfjörður

MÍ:Nr

1744

Heimilisfang

Strandgata 40

Hverfi

Heiti

Strandarhús

Verk

Nor 15

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.08.15

GPS Staðsetning

E 747693 N 526830

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

Skekka

21

Ætlað byggingarár

1904

Staða mannvirkis

Friðað

Dags friðl.

Fastanúmer

216-9671

Heimild byggingarárs

Fasteignaskrá.

Umtak friðunar

Byggingarefni

Timburhús

Höfundur - hönnuður

Stutt saga húss

Aðrar upplýsingar

Húsið er klætt álplötum og líklega er kjallari hlaðinn úr steini.

Vefslóð

Ljósmynd



Teikning/gömul ljósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson